

## REGLUR

### um Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

##### *Almennt.*

Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands er starfrækt af Háskóla Íslands á sviði sjávarútvegs og skyldra fræða.

Stofnunin heyrir undir háskólaráð, og hefur að markmiði að vera vettvangur þverfaglegs samstarfs á fræðasviðum sjávarútvegs og skyldra greina. Til sjávarútvegsfræða í þessari merkingu teljast allar þær greinar sem tengjast sjávarútvegi, fiskveiðum og eldi lagardýra með einum eða öðrum hætti.

#### 2. gr.

##### *Hlutverk.*

Hlutverk Sjávarútvegsstofnunar er:

- a. að efla og samhæfa rannsóknir í sjávarútvegsfræðum sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- b. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda aðila á sviði sjávarútvegsfræða,
- c. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í sjávarútvegsfræðum,
- d. að veita upplýsingar og ráðgjöf í málefnum sjávarútvegsins,
- e. að skipuleggja og hafa umsjón með þverfaglegu námi í sjávarútvegsfræðum við Háskóla Íslands, sbr. 8. gr.,
- f. að treysta samvinnu milli deilda í þágu þverfaglegs náms í sjávarútvegsfræðum og efla skilning á þeim hagsmunum sem náminu tengjast,
- g. að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum í sjávarútvegsfræðum.

#### 3. gr.

##### *Aðstaða.*

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað, eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

#### 4. gr.

##### *Stjórn.*

Háskólaráð skipar Sjávarútvegsstofnun fimm manna stjórn og tvo til vara, til þriggja ára í senn, að fengnum tilnefningum frá raunvísindadeild, félagsvísindadeild, verkfræðideild og viðskipta- og hagfræðideild. Þá skipar háskólaráð einn stjórnarmann án tilnefningar. Þeir sem tilnefndir eru skulu vera fastir kennarar við viðkomandi deildir. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

#### 5. gr.

##### *Stjórnarfundir.*

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundum bréflaga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Skyld er að boða stjórnarfundum óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formanns-störfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forsetum þeirra deilda sem aðild eiga að stjórn.

Forstöðumaður situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

#### 6. gr.

##### *Verkefni stjórnar.*

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart háskólaráði. Stjórnin samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

#### 7. gr.

##### *Forstöðumaður og starfsmenn.*

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar, sbr. 6. tölul. 27. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf að fenginni tillögu stjórnar.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer forstöðumaður með ráðningarmálið.

#### 8. gr.

##### *Þverfaglegt nám.*

Þverfaglegt nám í sjávarútvegsfræðum, hvort heldur er grunn- eða framhaldsnám, byggist á skriflegum samningum Sjávarútvegsstofnunar við þær háskóladeildir sem taka þátt í hinu þverfaglega námi. Deildir skulu taka tillit til sérstöðu hins þverfaglega náms við inntöku nemenda og framkvæmd samnings að öðru leyti.

Miðað skal við að um inntöku í námið fari eftir reglum þeirrar deildar þar sem rannsóknarverkefni (ritgerð) viðkomandi nemanda er unnið eða meginhluti náms hans fer fram, enda skal nemandinn skráður í þá deild og brautskrást þaðan.

Sjávarútvegsstofnun skipuleggur og hefur umsjón með hinu þverfaglega námi en heimilt er að skipa sérstaka stjórnarnefnd í þessum tilgangi. Fari stjórnarnefnd með skipulag námsins skulu í henni sitja fulltrúar þeirra deilda sem koma að náminu, og skulu þeir vera fastir kennarar við viðkomandi deildir.

Í skipulagningu og umsjón með náminu felst:

- a. að semja námsskrá hins þverfaglega náms,
- b. að halda utan um framboð námskeiða sem nýst geta í hinu þverfaglega námi og reglur deildanna um inntöku nemenda og hafa yfirsýn yfir inntöku nemenda í námið,

- c. að gera skriflega samninga við deildir um framkvæmd hins þverfaglega náms sem tryggja kennslu nauðsynlegra námskeiða og að nemendur fái leiðbeinendur með loka-  
verkefni eftir því sem kostur er á hverjum tíma,
- d. að taka á móti umsóknum um þverfaglega námið, fjalla um umsóknirnar og senda þær áfram til viðkomandi deilda til samþykktar,
- e. að fylgjast með námsframvindu nemenda og veita þeim almenna þjónustu varðandi námið.

## 9. gr.

*Fjármál.*

Tekjur Sjúvarútvegsstofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs,
- b. framlag frá viðkomandi deildum sem aðild eiga að stofnuninni vegna umsjónar með meistaranámi í sjávarútvegsfræðum,
- c. styrkir til einstakra verkefna,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e. tekjur af útgáfustarfsemi,
- f. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

## 10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 296/1989 um Sjúvarútvegsstofnun Háskóla Íslands, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) í reglum nr. 458/2000.

*Háskóla Íslands, 25. október 2001.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*